

L Ö G

53

19. júní

um lántöku til vega- og brúargerða.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán innanlands á ábyrgð ríkissjóðs á árunum 1933—35, allt að 200 þús. kr. til vegagerðar á þjóðvegum og allt að 300 þús. kr. til byggingar þeirra brúa, sem taldar eru í 2. gr. laga nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir. Lánin endurgreiðist á 6—8 árum og vextir séu allt að 1% hærri en venjulegir innlánsvextir Landsbanka Íslands. Vexti og afborganir af lánunum þessum skal telja með öðrum slíkum gjöldum ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amalíuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.